



## Lög Ungmennafélagsins Aftureldingar Mosfellsbæ

### 1. grein.

#### Heiti og markmið.

Félagið heitir Ungmennafélagið Afturelding, skammstafað UMFA. Heimili þess og varnarþing er í Mosfellsbæ. Markmið félagsins eru að auka samhug og samheldni félagsmanna, vekja frjálsar og göfgandi skoðanir og veita félagsmönnum heilbrigð og þroskandi viðfangsefni í tólmstundum þeirra. Markmiðum hyggst félagið ná með íþróttaiðkun félagsmanna, hvers konar samstarfi þeirra og fundahöldum.

### 2. grein.

#### Merki og búningur.

Merki félagsins og búningum er lýst í reglugerð sem aðalfundur þarf að samþykkja. Ákvarðanir um nánari útfærslu búningamála tekur formannafundur á grundvelli reglugerðarinnar.

### 3. grein.

#### Aðild að heildarsamtökum.

Félagið er aðili að UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og sérsamböndum þess, eftir því sem við á hverju sinni.

### 4. grein.

#### Félagar.

Félagi getur hver sá orðið sem óskar þess og samþykkir að taka á sig þær skyldur er því fylgja og felast í því að virða lög, reglugerðir og siðareglur félagsins og greiða félagsgjöld, ákveði aðalfundur að leggja þau á. Aðalfundur getur að tillögu stjórnar útnefnt heiðursfélaga í viðurkenningarskyni fyrir störf sín í þágu félagsins samkvæmt reglugerð þar um.

### 5. grein.

#### Félagatal.

Aðalstjórn skal halda skrá yfir félagsmenn og iðkendur sem skal endurskoðuð a.m.k. árlega. Sérhver deild félagsins skal halda skrá yfir sína félagsmenn og iðkendur.

### 6. grein.

#### Skipulag félagsins.

Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málefnum félagsins og tekur ákvarðanir um allar meiriháttar fjárskuldbindingar félagsins. Aðalstjórn framkvæmir ákvarðanir aðalfundar, ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og samræmingu í starfi deilda. Formannafundur skulu vera aðalstjórn til ráðgjafar um þau málefni.

Aðalfundir deilda hafa æðsta vald og ákvörðunarrétt í innri málefnum deilda. Stjórnir deilda annast framkvæmd ákvarðana aðalfunda félags og deilda og daglegan rekstur deilda í samráði við aðalstjórn eins og nánar er kveðið á um í 16., 17. og 18. gr. laga þessara.

## **7. grein.**

### **Aðalfundur félagsins, fundartími og boðun.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 31. mars ár hvert. Fundarboð skal auglýsa opinberlega með tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilkynna hvenær frestur til að skila inn framboðum til stjórnarsetu og tillögum til lagabreytinga rennur út. Aðalfundurinn telst lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

## **8. grein.**

### **Dagskrá aðalfundar.**

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður félagsins gerir grein fyrir starfsemi aðalstjórnar á liðnu starfsári.
4. Gjaldkeri félagsins leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum félagsins fyrir liðið starfsár sem samþykktir hafa verið af kjörnum skoðunarmönnum reikninga.
5. Fjárhagsáætlun félagsins lögð fram til samþykktar.
6. Lagabreytingar.
7. Heiðursviðurkenningar.
8. Kosningar:
  - a) Kosinn formaður.
  - b) Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn.
  - c) Kosinn einn varamaður til tveggja ára í senn.
  - d) Kosnir tveir endurskoðendur.
  - e) Kosinn einn skoðunarmaður reikninga deilda.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit

## **9. grein.**

### **Kjörgengi og atkvæðisréttur á aðalfundi félagsins.**

Allir félagar 16 ára og eldri, sem ekki skulda félagsgjöld, hafa kjörgengi til stjórnarstarfa og atkvæðisrétt á aðalfundi. Málfrelsi og tillögurétt hafa allir félagar. Launaðir starfsmenn félags eða deildar eru ekki kjörgengir til stjórnarstarfa og sami einstaklingur getur ekki setið samtímis í stjórn félagsins og stjórn deildar.

## **10. grein.**

### **Atkvæðagreiðslur á aðalfundi félagsins.**

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um lagabreytingar er að ræða, þá þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

## **11. grein.**

### **Aukaaðalfundur félagsins.**

Aukaaðalfundur félagsins má halda ef aðalstjórn álitur þess þörf eða ef 30 félagar óska þess til umræðu um málefni félagsins. Aukaaðalfundur er lögmætur ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosning skulu þó að jafnaði ekki fara fram á aukaaðalfundi.

## **12. grein.**

### **Félagsgjöld.**

Sérhverjum félagsmanni ber að greiða félagsgjald til félagsins. Formannafundur ákveður félagsgjöld. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu félagsgjalds. Greiði félagsmaður ekki félagsgjald sitt næstliðið ár fyrirgerir hann réttindum sínum skv. 9. gr. þessara laga. Aðalstjórn metur hverju sinni hvort greiðslufall skuli varða brottrekstri úr félaginu.

## **13. grein.**

### **Aðalstjórn.**

Aðalstjórn skipa fimm menn og tveir varamenn, formaður er kjörinn sérstaklega til eins árs og 2 meðstjórnendur ásamt einum varamanni kjörnir tvö ár í senn á víxl. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og er verkaskipting meðstjórnenda eftirfarandi: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður boðar fundi í aðalstjórn þegar hann telur þess þörf eða ef einn stjórnarmaður óskar þess. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Stjórnarfundir eru löglegir ef meirihluti aðalstjórnar er mættur.

## **14. grein.**

### **Verkefni aðalstjórnar.**

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess á milli aðalfunda. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins í nefndir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar sem félagið er aðili að. Þá skipar aðalstjórn fulltrúa á öll þing sem félagið á fulltrúa á. Aðalstjórn er heimilt að skipa nefndir til ákveðinna verkefna enda starfi þær á vegum aðalstjórnar og á hennar ábyrgð.

Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna, hefur eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins og gerir samstæðureikning fyrir félagið sem skoðaður er og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum og/eða löggiltum endurskoðanda.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt þ.m.t. fjármál og aðstöðumál. Aðalstjórn hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir skrifstofu félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu.

## **15. grein.**

### **Viðurkenning, heiðursmerki.**

Aðalstjórn veitir viðurkenningu fyrir íþróttarárangur eða störf í þágu félagsins eða íþróttahreyfingarinnar samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er á aðalfundi félagsins.

## **16. grein.**

### **Deildir.**

Hver deild skal hafa stjórn og starfa samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er af aðalstjórn félagsins. Einungis er keppt í greinum samþykktara deilda. Í hverri deild skal skrá í sérstaka bók úrslit kappleikja og annað markvert sem fram fer innan deildarinnar. Í lok hvers starfsárs skal stjórn deildar gera samantekt um hið markverðasta sem síðan skal tekið inn í sameiginlega ársskýrslu félagsins.

## **17. grein** **Stofnun nýrra deilda.**

Eftirfarandi deildir starfa innan félagsins :

- Badmintondeild.
- Blakdeild.
- Fimleikadeild.
- Frjálsíþróttadeild.
- Handknattleiksdeild.
- Karatedeild.
- Knattspyrnudeild.
- Körfuknattleiksdeild.
- Sunddeild.
- Taekwondodeild.

Komi fram óskir meðal félagsmanna um stofnun nýrra deilda innan félagsins skal aðalstjórn taka þær til athugunar og leggja fyrir næsta aðalfund. Samþykki aðalfundurinn stofnun nýrrar deildar skal aðalstjórn sjá um undirbúning að stofnfundi. Til útgjalda sem ekki eru sammingsbundin eða leiða af samþykki aðalstjórnar félagsins má ekki stofna nema til komi samþykki aðalstjórnar.

## **18. grein.** **Fjárhagur deilda.**

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn og aðskilinn fjárhag. Allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar ber stjórnun deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 250.000 krónur á ársgrundvelli. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslum þeirra gagnvart félaginu.

1. Stjórnir deilda skulu skila fjárhagsáætlun fyrir 15. nóvember ár hvert þar sem fram kemur nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir hvern mánuð næsta starfsárs. Gera skal aðalstjórn nákvæma grein fyrir fjárhagsáætlunum sem staðfestir þær eða gerir athugasemdir.
2. Deildir sem skulda um áramót skulu skila ítarlegri áætlun um niðurgreiðslu skulda með langtíma fjárhagsáætlun.
3. Aðalstjórn hefur eftirlit með útgjöldum deilda og gætir þess að þau séu í samræmi við fjárhagsáætlun. Til þess hafa framkvæmdastjóri og gjaldkeri aðalstjórnar aðgengi að öllum bankaviðskiptum og bókhaldi deilda.
4. Bókhald allra deilda skal vera í höndum aðalstjórnar. Deildir skulu skila af sér öllum reikningum fyrir 7. næsta mánaðar og skal bókhald vera fært og uppgert á samræmdu formi viku síðar. Þannig skal vera hægt að fá stöðu hvernar deildar svo til í rauntíma auk þess sem staða félagsins er alltaf skýr.
5. Gjaldkeri aðalstjórnar og kjörinn skoðunarmaður reikninga eru ábyrgir fyrir skoðun á reikningum og uppgjörum allra deilda.

## **19. grein.** **Fjárafánir.**

Tilkynna skal fjárafánir til aðalstjórnar áður en þær hefjast. Aðalstjórn heldur skrá yfir allar fjárafánir á vegum félagsins og leitast við að samræma þær. Samþykki aðalstjórnar þarf fyrir nýrri fjáröflun.

## **20. grein.**

### **Æfingagjöld.**

Æfingagjöld skulu innheimt af deildum. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma innheimtu æfingagjaldanna. Veita skal systkinaafslátt af æfingagjöldum og ef einstaklingur er í fleiri en einni grein hjá félaginu. Afslátturinn skal vera 10% af öllum æfingagjöldum.

## **21. grein.**

### **Formannafundir.**

Halda skal minnst sex sameiginlega fundi aðalstjórnar og formanna deilda eða fulltrúa þeirra á ári. Verkefni þessara funda er að samræma starfsemi félagsins og vera aðalstjórn til ráðgjafar um málefni félagsins. Fulltrúar deilda gefa yfirlit yfir starfsemi sinna deilda á formannafundum. Fjárskuldbindingar aðalstjórnar utan fjárhagsáætlunar skulu lagðar fyrir til samþykktar á formannafundi. Jafn atkvæðisréttur, málfrelsi og tillögufrelsi er á formannafundum.

## **22. grein.**

### **Reikningsár.**

Reikningsár skal miðað við almanaksárið.

## **23. grein.**

### **Eignir.**

Allar eignir og búnaður, hvort sem til þeirra er stofnað af aðalstjórn eða stjórnnum deilda eru eignir félagsins. Hætti deild starfsemi skal stjórn deildarinnar afhenda aðalstjórn félagsins eignir hennar.

## **24. grein.**

### **Viðurlög**

Brjótí félagsmaður gegn lögum félagsins eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða komi fram með þeim hætti að til álitshnekkis sé fyrir félagið og markmiðum þess, getur aðalstjórn ákveðið að víkja viðkomandi úr félaginu. Fjórir af fimm stjórnarmönnum aðalstjórnar verða að samþykkja brottvikninguna. Aðalstjórn er skylt að boða hinn brotlega á sinn fund áður en ákvörðun er tekin og gefa honum kost á að skýra mál sitt og koma að andmælum. Skjóta má ákvörðun aðalstjórnar um brottvikningu félagsmanns úr félaginu til næsta aðalfundar félagsins.

## **25. grein.**

### **Úrsagnir.**

Úrsagnir úr félaginu skal senda skriflega til aðalstjórnar.

## **26. grein.**

### **Lagabreytingar.**

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, sbr. 10. grein. Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins.

## **27. grein.**

### **Gildistaka.**

Lög þessi öðlast gildi þann 29. mars 2012 og jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lög félagsins.